

52. fundur bæjarráðs

52. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn fimmtudaginn 8. október 2015 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt: Gunnar Egilsson, formaður, D-lista, Sandra Dís Hafþórsdóttir, bæjarfulltrúi, D-lista, Helgi Sigurður Haraldsson, bæjarfulltrúi, B-lista, Viðar Helgason, áheyrnarfulltrúi, Æ-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, S-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

Fundargerðir til kynningar	
1.	1501033 – Fundargerð fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga
	174. fundur haldinn 28. september 2015
	Fundargerðin lögð fram.
2.	1501157 – Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands
	242. fundur haldinn 28. september 2015
	Fundargerðin lögð fram.
3.	1502151 – Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurlands
	167. fundur haldinn 24. september 2015
	Fundargerðin lögð fram.
Almenn afgreiðslumál	
4.	1509234 – Ályktun Landssamtakanna Heimilis og skóla um endurnýjun gervigrasvalla með dekkjakurli

	<p>Ályktunin lögð fram. Unnið er að úttekt á kostnaði við breytingar, s.s. við það að næst þegar skipt verði um gúmmí á völlum verði notuð önnur tegund af gúmmíi. Áætlun verður gerð um endurnýjun gervigrasvalla.</p>
5.	<p><u>1509240 – Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 28. september 2015 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs</u></p>
	<p>Bæjarráð Árborgar tekur undir nauðsyn þess að lengja fæðingarorlof, en bendir á að styrkja þurfi tekjustofna sveitarfélaga ef gera á leikskólann gjaldfrjálsan fyrir börn frá 12 mánaða aldri. Nettókostnaður Sveitarfélagsins Árborgar við rekstur leikskóla er áætlaður 826,5 mkr á árinu 2015. Hlutdeild foreldra með þátttökugjöldum nemur um 16% af kostnaði við rekstur leikskóla.</p>
6.	<p><u>1509252 – Erindi Minjastofnunar Íslands dags. 16. september 2015, varðandi undirbúning friðlýsingar sumarhúss Páls Ísólfssonar, Ísólfskála, Stokkseyri</u></p>
	<p>Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við áform um friðlýsingu Ísólfskála.</p>
7.	<p><u>1510010 – Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 1. október 2015, um umsögn um rekstrarleyfisumsókn – gisting að Bankavegi 6, Selfossi, í flokki II, íbúðir, umsækjandi Einar Valur Oddsson.</u></p>
	<p>Bæjarráð gefur jákvæða umsögn um erindið.</p>
8.	<p><u>1509055 – Beiðni UMFS, dags. 1. október 2015 um heimild til að gera breytingar á innra skipulagi Tíbrár, búningsklefum verði breytt á skrifstofu- og félagsaðstöðu</u></p>
	<p>Bæjarráð gefur heimild fyrir breytingum á innra skipulagi í búningsklefum í Tíbrá. Kostnaður greiðist af UMFS.</p>
9.	<p><u>1510037 – Erindi Björns Rúrikssonar, dags. 5. október 2015, þar sem hann lýsir áhuga á að verða bæjarlistamaður og gerir grein fyrir tillögu að fyrirkomulagi m.a. hvað varðar sýningar og kynningu í stofnunum sveitarfélagsins.</u></p>

	Bæjarráð vísar erindinu til íþróttá- og menningarnefndar til umsagnar.
10 .	1505208 – Bæjarráðsfundur í 42. og 44. viku ársins. Fundartímar bæjarráðs vegna Héraðsnefndarfundar og ársþings SASS.
	Samþykkt að fundur verði á miðvikudögum í stað fimmtudaga í viku 42 og 44.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:15.

Gunnar Egilsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Helgi Sigurður Haraldsson
Viðar Helgason
Arna Ír Gunnarsdóttir
Ásta Stefánsdóttir